

care“, því „primary care“ væri ekki bara sérgreinin „heilsugæslulækningar (family practice)“. Í Bandaríkjunum væri „primary care“ sinnt af lyflæknum (ekki undirgreinalæknum), almennum barnalæknum, kvænæknum og heilsugæslulæknum. Nauðsynlegt væri að umræða færi fram hérlandis um landamæri frumþjónustunnar; hvað væri almennar lækningar og hvað væri sérfræðilegar lækningar. Læknar ættu að hafa forystuna í umræðunni, ekki ráðuneyti.

Friðbjörn Sigurðsson læknir lýsti sig andvígán því að stilla frumþjónustu og sérfræðipjónustu upp sem andstæðum pólum. Þvert á móti væri brýnt að auka samvinnu heimilislækna og sérfræðilækna. Jafnframt væri mikilvægt að sjúklingar hefðu vól á fjölbreyttri þjónustu því skoða ætti þjónustuna út frá þörfum þeirra en ekki lækna. Friðbjörn ræddi einnig um mikilvægi þess að vel yrði staðið að uppbyggingu ferliþjónustu á Landspítala og að

sérfræðilækniþjónustan á höfuðborgarsvæðinu ætti að byggjast upp á heildrænan hátt.

María Heimisdóttir læknir ítrekaði mikilvægi upplýsingaflæðis milli lækna og að brýnt væri að samfelld rafræn sjúkraskrá yrði að veruleika sem fyrst. Nokkur skriður hefur komist á vinnu við gerð rafrænnar sjúkraskrár undanfarin misseri og þakkaði María fyrir stuðninginn við þetta verkefni sem fram kom í umræðunni. Auk þess kom fram í umræðunum að mikilvægt væri að læknar notuðu síma meira við samskipti sín í þágu sjúklinga.

Að lokum var lagt til að framhald verði á þessari umræðu enda mikilvægt að læknar leysi þessi mál sjálfir. Sú hugmynd kom fram að settur yrði á laggirnar starfshópur með þátttöku Félags íslenskra heimilislækna, Félags íslenskra lyflækna, Læknafélags Íslands og landlæknis til að vinna að þessu máli og setja fram tillögur til úrbóta.

Bylting í búsetu og þjónustumálum aldraðra?

ÍFRAMHALDI af velmegun stríðsáranna fluttu bændafjölskyldur í stríðum straumi til bæja og borga. Þar eð lítið pláss fannst fyrir aldrað fólk í þriggja herbergja borgaríbúðum urðu til öldrunarstofnanir er tóku við þeim öldruðu. Þegar hafnir voru hreppflutningar á öldruðum af landsbyggðinni til stóru stofnana á Reykjavíkarsvæðinu var farið að byggja öldrunarstofnanir utan Reykjavíkur. Einnig endurbýgðu menn gömlu sjúkrahúsin og bættu við nýjum á landsbyggðinni. Þar eð skurðlækningar lögðust af á mörgum minni sjúkrahúsum á landsbyggðinni breyttust þau í öldrunarstofnanir með ónotaða skurðstofu í endanum. Fyrir 30-35 árum fannst ekki orðið heimaþjónusta í íslensku máli.

Upp úr 1970 var hafin barátta fyrir aukinni heimaþjónustu og endurhæfingu á stofnunum. Fyrstu tillögur komu frá landlæknisembættinu og Þór Halldórssyni öldrunarlækni. Heimaþjónusta hefur smám saman eflst nokkuð í Keflavík, Reykjavík og Akureyri þó að hægt gangi. Við erum verulegir eftirbátar nágrannaþjóðanna. Tvær töflur er hér verða sýndar varpa ljósi á stöðu okkar í búsetumálum aldraðra miðað við hin Norðurlöndin. Við bjóðum öldruðum mun oftast stofnavistun og fjölbýli en nágrannaþjóðirnar. Þjónustuíbúðir í íbúðahverfum eða tengdar stofnanir eru mun algengari kostur í nágrannalöndunum en á Íslandi.

Landsamband eldri borgara lagði fram þann 21. desember 2005 ákveðnar kröfur til ráðherraefnd-

ar um gerbyltingu í þessum málum. Framvegis verði höfuðáherslan lögð á fjölbreyttari búsetuskilyrði fyrir aldraða, aðallega byggingu smábúða og tvöföldun á framlagi til heimaþjónustu á næstu tveimur árum. Elliheimili eiga að hverfa.

Ráðherranefndin samþykkti að fulltrúar sambandsins og nefndin starfi saman að tillögugerð í málinu sem skal lokið á næstu mánuðum.

Nokkur bjartsýni ríkir um árangur, sérstaklega vegna þess að kosningar nálgast nú óðum!



Ólafur Ólafsson

Höfundur er fyrrverandi landlæknir.

Tafla I. Stofnavistun og búsetuskilyrði meðal 65 ára og eldri á Norðurlöndum 2002.

	Á stofnun – %	Einbýli – %
Ísland	9,1	60
Danmörk	3,4 (íbúðir)	90 – oftast smábúðir
Noregur	5,9	91
Svíþjóð	8,1 (aðallega íbúðir)	90 – smábúðir
Finnland	4,0	–

Áldremsorgsforskingin í Norden 2005, Tema Nord 2005

Tafla II. Stofnana- og þjónustuíbúðabúseta 65 ára og eldri á Norðurlöndum.

	Stofnanir – %	Þjónustuíbúðir – %
Ísland (Reykjavík)	70	30
Danmörk	32	68
Noregur	57	43
Finnland	58	42

Áldremsorgsforskingin í Norden 2005, Tema Nord 2005